



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
í hádegisverði
bæjarstjórnar Þórshafnar
Færeyjum
17. maí 2017**

Ágætu bæjarstjórnarmenn,
aðrir góðir gestir

Ég þakka ykkur kærlega fyrir góðar móttökur hér í Þórshöfn, höfuðstað Færeyja. Margt höfum við hjónin þegar séð og margs höfum við notið hér á eyjunum fögru. Einkar vel höfum við fundið hlýhug Færeyinga í garð okkar Íslendinga. Þá rækt sem þið Færeyingar leggið við menningararf ykkar kann ég sem sagnfræðingur líka afar vel að meta. Mér finnst fróðlegt hve lifandi hann er í allri samtímamenningu ykkar, hvernig hann er til dæmis nýttur í nútímatónlist og hvers kyns listsköpun hér.

Á unga aldri var ég svo heppinn að foreldrar mínir áttu hljómplötu með Harkaliðinu. Man ég vel hve gaman mér þótti að hlusta á kvæðið um Ólav Riddararós. Föðuramma mín kunnir íslenska sagnadansinn og fór stundum með hann fyrir mig – um Ólaf Liljurós sem reið með björgum fram: „Villir hann, stillir hann.“ Mikið var gaman að bera þetta saman við söng þeirra í Harkaliðinu; færeyska kvæðið hljómaði svo skringilega og skemmtilega í eyrum íslensks stráks: „Ungir kallar, kátir kallar! Gangið upp á gólv, dansið lystilig!“ [Unchir kallar, kvatir kallar, geingi úpp á gölvo dansi listílí] Og það er stutt síðan Harkaliðið með Anniku Hoydal í broddi fylkingar sungu aftur fyrir okkur Íslendinga á tónleikum í Hörpu.

Síðustu ár höfum við Íslendingar notið krafta fleiri færeyskra tónlistarmanna. Ég veit ég gæti haft listann býsna langan en nefni hér aðeins Jógvan Hansen sem vann fyrstu X-Factor keppnina á Íslandi og Eivöru Pálsdóttur sem sækir innblástur í heim færeyskra kvæða og þjóðlaga en nýtir sér jafnframt íslenska sönglagahefð. Þá stenst ég ekki mátið að nefna þungarökkssveitina Tý. Ég veit að Færeyingar voru á báðum áttum þegar þeir félagar tóku kvæðabálginn Orminn Langa sem Jens Christian Djurhuus samdi

fyrir nær tvö hundruð árum og sungu með sínu lagi, undir þungum bassa, trumbuslætti og rafmagnsgítarglamri: „Glymur dansur í höll, dans – sláið ring! Glæðir ríða Noregsmenn til Hildar ting.“ [Glymur dansur í höllu dans, slæji ring. Glæjir ruja Noregsmenn til hildar ting.]

En kæru vinir! Svona höldum við menningararfi okkar við, gerum hann að lifandi hluta að samtímamenningu: það gerum við ekki með því að loka hann inni eins og brothætt djásn sem er bara borið fram á hátíðarstundum, heldur með því að rækta hann, þróa og auðga með því að taka hann nýjum tókum, horfa á hann frá nýjum sjónarhólum, láta ferska vinda blása um hann.

Sama gildir um allt okkar samfélag. „Það er gott að elska,“ syngur Bubbi Morthens heima og undir sönginn tekur ástfangið fólk af öllum stærðum og gerðum. „Tað [Teð] er gott að elska“ syngur Signar í Homrum hér í Færeyjum og allir eiga líka að geta kyrjað þann söng. Í því öflugra lýðræðis- og velferðarsamfélagi sem við viljum halda við og treysta hér á Norðurlöndum er enginn útundan og við hlúum að sjúkum og öldruðum, hjálpum þeim sem búa við fötlun, stöndum saman. Þetta gildir um íbúa hvers samfélags og svo viljum við líka hjálpa hvert öðru í hinni norrænu fjölskyldu þegar á bjátar. Þann samhug ykkar Færeyinga höfum við Íslendingar svo sannarlega fundið oft en einu sinni á okkar skinni. Nú fylgjumst við með ykkur á framfarabraut. Ykkur fylgja hlýjar óskir frá vinum á Íslandi.

Við skulum rísa á fætur og hrópa ferfalt húrra fyrir vináttu og samvinnu Færeyinga og Íslendinga.